



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2017
2017-04/0.8

Varðar: umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál.

Vegna mistaka af hálfu Nefndasviðs Alþingis barst tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 ekki dómstólaráði til umsagnar innan tilskilins umsagnarfrests en málið hafði verið sent dómstjórum héraðsdómstólanna til umsagnar. Dómstólaráð ber ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna og gerir tillögu til ráðherra um sameiginlega fjárveitingu þeirra sbr. 1. tl. 14. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Þá er og kveðið á um það í 3. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál að við mótun tillagna um fjárheimildir til dómstóla skuli ráðherra hafa formlegt samráð við dómstólaráð m.a. Af því leiðir að dómstólaráð er sá aðili sem getur veitt umsögn um tillögur til þingsályktunarinnar en ekki einstakir héraðsdómstólar.

Í afriti af bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 4. apríl sl., til fjárlaganefndar Alþingis vegna undirbúnings fjármálaáætlunar 2018-2022 kemur fram að einungis reynist vera svigrúm að hluta til þess að mæta óskum héraðsdómstólanna um auknar fjárheimildir. Þar kemur fram að stefnt sé að því að veita 50 m.kr. á árinu 2018 til héraðsdómstólanna m.a. til þess að standa straum að kostnaði við endurnýjun málaskrár og frágangi dómskjala.

Óskir héraðsdómstólanna um auknar fjárheimildir á árinu 2018 námu hins vegar samtals tæplega 99 m.kr. Þar á meðal var fastur launakostnaður vegna fjölgun starfsmanna um 33 m.kr. Endurnýjun tölvubúnaðar allra héraðsdómstólanna 11 m.kr. og tækni- og húsbúnaðar fyrir dómsali um 22 m.kr. Hluti þess kostnaður verður þó væntanlega færður á kostnaðarlið vegna undirbúning að stofnun Landsréttar. Ef tillaga til þingsályktunar að fjármálaáætlun verður

afgreidd til samræmis við áætlun innanríkisráðuneytisins þar um er ljóst að verulega ber á milli óska héraðsdómstólana um auknar fjárheimildir og tillagna ráðuneytisins um fjárheimildir til dómstólanna. Fjármálaáætlun dómstjóra héraðsdómstólanna var lögð fram til umræðu og samþykktar á fundi dómstólaráðs 20. febrúar sl. Dómstólaráð vill sérstaklega vekja athygli fjárlaganefndar á því að fjárveitingar til dómstólaráðs og héraðsdómstólanna hafa árum saman runnið að stærstum hluta til greiðslu launakostnaðar, eða sem nemur 87% af heildarrekstrarútgjöldum dómstólanna. Þar af er fastur launakostnaður 42 héraðsdómara og kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna sem nam um 120 m.kr. á árinu 2016. Lítið svigrúm hefur því verið til þess að standa straum af kostnaði við eðlilega endurnýjun tölvubúnaðar eða aðstöðu í dómsölum. Því má segja að þörf fyrir auknar fjárveitingar nú sé að einhverju leyti uppsöfnuð í ljósi skertra fjárheimilda á liðnum árum.

Virðingarfyllt,
f.h. dómstólaráðs

Ólöf Finnsdóttir,
framkvæmdastjóri